

Skýrsla reiðveganefndar 2018

Reiðveganefndin saman stóð af Eggert Hjartarson Formaður

Jón Björn Hjálmarsson

Jón Ásmundsson

Nefndin hélt nokkra fundi og farið var yfir þau mál sem upp á borð til okkar komu.

Verkefni síðasta árs

Stæðsta verkefni nefndarinnar var vegurinn yfir Bleiksteinshálsinn.

Á síðasta ári bað reiðveganefndin í samvinnu við stórn Sörla um 7 milljóna kr fjárveitingu til Hafnarfjarðarbæjar til þess að ljúka framkvæmdum við gerð reiðvegarinnar yfir Bleiksteinshálsinn.

Var þessari beiðni vel tekið og fengum við þá fjárveitingu sem þurfti til að klára lagningu vegarinnar, var veðurfarið í vor og sumar þannig að það gekk illa að komast í verkið en það klaraðist núna í haust.

Annað verkefni sem að nefndin var að vinna í er uppsetning vegvísana sem að við fengum fjármagn í fyrra til að gera. Hafnarfjarðarbær setti upp vegvísana í samvinnu við reiðveganefndina. Eru vegvísarnir merktir númerum og er búið að setja GPS hnit númera vegvísana í gagnagrunn neyðarlínunar þannig að vegvísarnir auðvelda viðbragðsaðilum að finna þá sem þurfa að fá aðstoð til sín.

Viðhald á reiðvegum.

Sörli hefur fengið árlega 500.000. kr til viðhalds á reiðvegum sem dugar mjög skammt til viðhalds á reiðvega kerfinu okkar sem er orðnir nokkrir km.

Þessi upphæð var notuð til að bera mól sem kemur úr gerðum hesthúsa í reiðveginn í Gráhelluhrauni. Var þessi vinna ekki vel unnin og reyndist mölin sem var notuð frekar grýtt þannig að reiðveganefndin kvartaði til Hafnarfjarðarbæjar og við fengum Ishmael á staðinn til að sýna honum hvernig þetta var unnið. Hann sagðist ætla að laga þetta en það var ekki gert og endaði þetta með því að Jón Björn fór og tindi stæðstu steinana ú reiðveginum.

Á síðasta ári var tíðarfar þannig að mikil bleyta olli miklum skemmdum á reiðvegum í upplandi Hafnarfjarðar. Óskaði reiðveganefndin eftir því við Hafnarfjarðarbæ að það yrði farið í framkvæmdir á viðgerðum á reiðvegnum.

Svarið var á þá leið að það verður að sækja um auka fjármagn til þess háttar framkvæmda. Hefur það verið gert og við bíðum eftir svari frá Hafnarfjarðarbæ hvort að við fáum fé í þetta og hversu mikið það verður. Jafnframt var óskað eftir auknu árlegu fé reiðvegaviðhalds .

Önnur mál reiðvegarnefndarinnar

Reiðveganefndin sótti um fé til vegagerðarinnar til nýframkvæmda á reiðvegi út fyrir Stórhöfðan og fengum við úthlutað 1 milljón til verksins. Þurftum við að sækja um framkvæmdar leyfi fyrir lagningu vegarinnar sem hefur nú verið veitt frá Hafnarfjarðarbæ. Jafnframt hefur reiðveganefndin og stjórn Sörla óskað eftir mótframlagi frá Hafnarfjarðarbæ til vegalagningunar og vonumst við til þess að við fáum peninga þaðan líka. Þessi reiðleið er mjög falleg og skemtileg og vonumst við til að þetta verk gangi betur en kaflinn yfir Bleiksteinshálsinn.

Á síðasta ári fór reiðveganefndin í samvinnu við reiðveganefnd Spretts á kynningafund á skipulagi austasta hluta Urriðaholts sem liggur að Flóttamannaleiðinni vorum við að kynna okkur hvernig framtíð reiðvegarinnar á svæðinu væri skipulagður. Eftir fundinn var sent sameiginlegt bréf til skipulagsnefndar Garðabæjar með athugasemdum og óskum um skýringum um hvernig reiðvegurinn á að vera á þessu svæði. Engin svör hafa borist frá Garðabæ en þetta mál er í umsjá reiðveganefndar Spretts.

Áningargerði reiðveganefndin hefur verið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ verið að kanna hvar sé hægt að setja upp áningargerði þannig að hestamenn geti áðán þess að valda skemdum á gróðri í upplandi Hafnarfjarðar. Hafa verið samþykktir 3-4 staði sem fyrir áningargerði auk þessa þarf að lagfæra áningargerðin sem að fyrir eru . Hefur Ishmael tekið frá staura af Kaldárselsveginum í þetta verkefni og reiðveganefndin hefur óskað eftir fjárveitingu í þetta frá Hafnarfjarðarbæ.

Reiðveganefndin var með kynningafund sl vor og var farið yfir hvað nefndin hafði verið að gera og hvernig staðan væri á þeim verkefnum sem nefndin er með. Þessi fundur var haldinn á laugardagsmorgni í Stebbu kaffi og var vel sóttur. Þessi mæting og áhugi á því sem nefndin er að gera er hvatning fyrir nefndarmenn að halda svona kynningarfundum aftur og vonandi verður það gert.

Reiðveganefndin hefur verið í viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um merkingar á reiðvegum og lokanir á reiðvegum fyrir bílaumferð og aðra þætti varðandi öryggismál á reiðvegum er þetta verkefni í vinnslu og vonandi náum við að gera reiðvegina okkar öruggari .

Breytingar verða á reiðveganefndinni mun Eggert Hjartarson hætta og þeir sem gefa kost á sér eru

Jón Ásmundsson formaður

Jón Björn Hjálmarsson

Jóhann Sigurður Ólafsson

Ólafur

Þetta er það helsta sem að reiðvega nefndin gerði á síðasta starfsári

Fyrir hönd reiðvega nefndar Sörla

Eggert Hjartarson